



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. ágúst 2020  
SFS2019090006  
188. fundur  
HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi leikskólamál í Úlfarsárdal***

Á fundi borgarráðs 29. ágúst 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Uppbygging í Úlfarsárdal hefur verið hröð. Nú er það einn leikskóli og sárlega vantar fleiri. Foreldrar sem búa í Úlfarsárdal hafa þurft að fara með börn sín í leikskóla í öðrum hverfum. Fyrirspurn frá Flokki fólksins: Hvenær verður annar leikskóli opnaður í Úlfarsárdal? Hvað verða margir skólar í hverfinu? Hvenær verða allir leikskólarnir í hverfinu farnir að starfa?*

**Svar:**

Í Úlfarsárdal er gert ráð fyrir einum leikskóla þ.e. Dalskóla.

Leikskólahluti Dalskóla hefur stækkað mikið á síðustu misserum en með nýrri skólabyggingu fjölgar rýmum fyrir leikskólabörn um 90 frá því sem áður var. Núna 1. ágúst 2020 er gert ráð fyrir 140 börnum í leikskólahluta hans og búið er að innrita í 137 pláss. Í september fær leikskólinn svo að fullu til afnota leikskólahluta nýbyggingar sem fram að þessu hefur verið nýttur fyrir grunnskólanemendur. Með því verða leikskólarými í Dalskóla samtals á bilinu 180-190.

Samkvæmt skráningarkerfi Völu voru þann 7.ágúst 2020 átta börn fædd í júní 2019 eða fyrr með vistunarumsókn og eitt barn á biðlista með flutningsumsókn.